

Bekkjarnámskrá 5. bekkjar í samfélagsgreinum



Inngangur

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 var höfð að leiðarljósi við gerð námskrár 5. bekkjar Ölduselsskóla en Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Samfélagsgreinar eru námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina þ.e. *samfélagsfræði*, sem er afmarkaðir námsþættir eða námssvið. Þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleiðni og heimspeki ásamt siðfræði.

Samfélagsgreinar eiga að fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnninn hátt og hafa þá skyldu að fræða nemendur um gildi jafnréttis, lýðræðis, umhyggju og virðingu fyrir öðrum og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf.

Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að læra að þekkja umhverfi sitt og annarra þannig að hver og einn verði fær um að meta mismunandi grundvallargæði mannlegs lífs og fái þekkingu og aukinn skilning á margvíslegum skyldum, réttindum og gildum.

Samfélagsgreinum er ætlað að kenna nemendum að taka ábyrgð og velja eigin leiðir í lífinu á grundvelli þekkingar og eiga að stuðla að skilningi nemenda á hugmyndum og hugsjónum sem liggja að baki viðhorfum til umhverfis og auðlinda, menningar og sögu. Þeim er einnig ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og meta gæði eins og frelsi, réttlæti, vináttu, virðingu, þekkingu og ábyrgð.

Samkvæmt *Aðalnámskrá* er skólum látið eftir að haga greinaskiptingu eftir því sem skynsamlegast, hentugast og árangursríkast er við hverjar aðstæður.

Við skipulagningu samfélagsgreina skulu öll hæfniviðmið höfð í huga og sá rammi sem námssviðinu er markaður í viðmiðunarstundaskrá í almenn um hluta aðalnámskrár.

Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og skiptast efnisþættir hæfniviðmiðanna í þrjá flokka þ.e. *reynsluheim, hugarheim og félagshem*.

REYNSLUHEIMUR

Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Áherslur og megintilgangur námsþáttar:

Lögð verður áhersla á kortalæsi þar sem heimurinn er skoðaður í víðu samhengi sem og Ísland meðal annarra landa heimsins. Unnið er með viðhorf nemenda og samvinnu. Nemendur lesa fjölbreyttan texta í tengslum við námsefni hverju sinni og þeir fá einnig þjálfun í skoða og meta mismunandi heimildir m.a. rafrænt efni á Alnetinu. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, einstaklings- og hópverkefni þar sem þeir þurfa að beita mismunandi námsaðferðum og tækni. Farið verður í námsferðir í nær- og fjærumhverfi.

Námsefni: *Landafraeði-Að rata um heiminn (Skólavefurinn), Ísland-Hér búum við, Frá Róm til Þingvalla, Gyðingdómur.*

Hæfniviðmið:

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- borið kennslá gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga,
- nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar
- sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
- aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum
- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa
- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu
- velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika
- komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú
- sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar
- bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breyttni.

HUGARHEIMUR

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Áherslur og megintilgangur námsþáttar:

Að efla sjálfsvitund og sjálfsábyrgð. Að leggja grunn að lífsgildum og réttisýni og styðja við persónumótun. Einnig að vinna að góðu gildismati og gagnrýninni hugsun, samhyggð og samvinnu. Nemendur horfa á myndefni, lesa texta og vinna fjölbreytt verkefni í tengslum við þá hugmyndafræði sem Ölduselsskóli hefur að leiðarljósi eða: *Uppeldi til ábyrgðar*. Nemendur taka þátt í bekkjarfundum og verða þjálfaðir í líta í eigin barm og beita gagnrýni á uppbyggilegan hátt, taka ábyrgð og átta sig á sjálfum sér og öðrum.

Námsefni: *Uppeldi til ábyrgðar (glærusafn Ölduselsskóla).*

Hæfniviðmið

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- áttað sig á sjálfum sér og öðrum
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum
- sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni
- sett sig í spor annarra jafnaldra
- sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.

FÉLAGSHEIMUR

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Áherslur og megintilgangur námsþáttar:


Lögð verður áhersla á vekja nemendur til umhugsunar, fá þá til að skiptast á skoðunum eða rökræða, velta fyrir sér mismunandi hliðum ólíkra samfélaga. Þeir auki við sig þekkingu og geti rætt saman og deilt skoðunum án fordóma og af tillitssemi og virðingu við aðra.

Námsefni: *Uppeldi til ábyrgðar (glærusafn Ölduselsskóla), Frá Róm til Þingvalla.*

Hæfniviðmið

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni
- rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum, sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- sett sig inn í málefni nærsamfélagsins
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Nemendur í 5. bekk fá u.þ.b. 240 mínútur á viku í samfélagsgreinum í 24 vikur af 38. Hlutfall kennslustunda samfélags- og náttúrufræðigreina eru 5/2. Námsgreinin er gjarnan samþætt íslensku, náttúrufræðigreinum og upplýsinga- og tækni-mennt. Lífsleikni er kennd sem hluti samfélagsgreina.</p> <p>Kennari leggur inn einstaka námsþætti. Nemendur ræða og læra hugtök sem koma fyrir. Lögð er áhersla á að auka skilning nemenda á hugmyndum og viðhorfum til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.</p> <p>Lögð er áhersla á að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.</p> <p>Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er nemendum gefinn kostur á að tileinka sér ýmis konar vinnuaðferðir.</p>	<p>Hilmar Egill Sveinbjörnsson (2018). <i>Ísland – Hér búum við</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p><i>Landafræði - Að rata um heiminn (Skólavefurinn)</i>.</p> <p>Sigurður Ingi Ásgeirsson (2006). <i>Gyðingdómur</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</p> <p>Helgi Skúli Kjartansson (2010). <i>Frá Róm til Þingvalla</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík</p> <p><i>Uppbyggingin – glærusafn Ölduselsskóla og annað efni</i>.</p> <p><i>Ítarefni s.s. stutt fræðslumyndbönd af Netinu, kortabækur og lesefni til dýpkunar á skilningi og þekkingu á mismunandi viðfangsefnum</i>.</p>	<p><i>Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.</i></p>  <p>Leiðsagnarmat.</p> <p>Símat.</p> <p>Sjálfsmat.</p> <p>Kynningar nemenda á eigin verkum og vinnu.</p> <p>Kannanir.</p> <p>Vinnuhefti.</p> <p>Einstaklings- og hópverkefni.</p>